| | |
|---|---|
| **Nafn kennara:** | **Anna Sigrún Rafnsdóttir – Námskeið I (5., 6. og 7. október)**<br>**Anna Sigrún Rafnsdóttir – Námskeið II ( 18., 19. og 20. október)**<br>**Anna Sigrún Rafnsdóttir – Námskeið III ( 2., 3. og 4. nóvember)**<br>***Námskeiðin eru frá kl. 17-21 í M01*** |

## Meginmarkmið

Að nemandi öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að geta hjálpað slösuðum og/eða bráðveikum einstaklingum þar til hjálp fagfólks tekur við.

*Áfangalýsing*

Fjallað er um aðgerðir á vettvangi, skoðun og mat. Endurlífgun, bókleg og verkleg. Farið er í helstu blæðingar, lost og viðbrögð við lostástandi. Teknar eru fyrir helstu tegundir sára, umbúðir og sárabindi. Farið er í helstu orsakir bruna, flokkun brunasára og skyndihjálp við bruna. Helstu höfuð, háls og hryggáverkum eru gerð skil ásamt brjóst kvið og mjaðmaáverkum. Einnig er farið í beina liðamóta og vöðvaáverka.

Kennt er að spelka útlimi með áverka. Farið er í bráða sjúkdóma, eitranir, bit og stungur. Fjallað er um viðbrögð við kali og ofkælingu og háska af völdum hita. Farið er í björgun og flutning einstaklinga af slysstað.

## Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandi að

- þekkja þá hugmyndafræði sem skyndihjálp byggir á
- þekkja og geta framkvæmt mat og skoðun á slösuðum einstaklingum
- kunna að bregðast við yfirvofandi lostástandi
- geta brugðist rétt við dauðadái
- þekkja og geta beitt hjartahnoði þegar það á við
- þekkja og geta beitt blástursmeðferð þegar hún á við
- þekkja og geta metið helstu tegundir sára
- þekkja aðferðir til að meta brunasár og kunna að bregðast við bruna
- þekkja helstu höfuð, háls, og hryggáverka og geta veitt skyndihjálp við slíkum áverkum
- þekkja helstu brjóst, kvið, og mjaðmaáverka og geta brugðist við þeim
- þekkja helstu beina, liðamóta, og vöðvaáverka og geta veitt skyndihjálp við slíkum áverkum
- kunna að spelka brot/tognanir
- geta veitt skyndihjálp við bráðum sjúkdómum
- þekkja helstu forvarnir við kali, ofkælingu og ofhitnun og geta veitt viðeigandi skyndihjálp við slíkum áverkum

| Vika | Námsefni (bóklegur hluti) | Verkefni |
|---|---|---|
| 1 dagur | **Kynning + kennsluáætlun** | |
| 1 dagur | **Kynning á starfsemi Rauða Kross. Inngangur. Aðgerðir á vettvangi. Skoðun og mat** | |
| 1 dagur | **Endurlífgun – bókleg** | |
| 1 dagur | **Aðskotahlutur í hálsi** | |
| 2 dagur | **Endurlífgun - verkleg** | |
| 2 dagur | **Blæðing og lost** | |
| 2 dagur | **Sár-umbúðir og sárabindi** | |
| 2 dagur | **Brunasár** | |
| 2 dagur | **Höfuð háls og hryggáverkar. Brjóst-,kvið-og mjaðmagrindaráverkar – bóklegt og verklegt** | |
| 3 dagur | **Beina-,liðamóta og vöðvaáverkar. Spelkun útlima** | |
| 3 dagur | **Bráðir sjúkdómar. Eitranir. Bit og stungur.** | |
| 3 dagur | **Kal og ofkæling** | |
| 3 dagur | **Háski af völdum hita** | |
| 3 dagur | **Björgun og flutningur** | |
| 3 dagur | **Að afloknu verki og upprifjun. Próf** | |

| Tegund | Námsgögn (nafn bókar og nánari lýsing á gögnum) |
|---|---|
| Bækur | *Skyndihjálp og endurlífgun : Þú getur hjálpað þegar á reynir* /Reykjavík:Rauði kross Íslands, 2007. |
| Myndbönd | Efni tengt einstökum köflum af youtube. |
| Verklegar æfingar | Verklegar æfingar tengt einstökum köflum |

| Námsmat | Lýsing | Vægi |
|---|---|---|
| Skriflegt | Krossaspurningar | 100% |
| | Nemandi þarf að ná einkunini 5 til að ná áfanganum og mæta 100% í allar kennslustundirnar. Nemandi sem nær einkunninni 7 eða hærri getur sótt um skírteini til Rauða krossins og þurfa nemendur sjálfir að nálgast þessi skírteini. Leiðbeinendur sjá um að koma upplýsingum um nemendur til Rauða kross Íslands. | |

Annadís Rafnsd. 4/10'10 [signature]

Undirritun kennara — Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils